

150. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 4. júní 2012, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson og Steindór Hjaltalín. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður sett fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Lagðar fram hnitsettar mælingar af lóðum við Austurgötu 12, Ægisgötu 3 ásamt tillögu að lóðarstærð fyrir Ægisgötu 1.
Erindi lagt fram til úrvinnslu.
2. Nesvegur 13, breytingar á útliti og stöðuleyfi fyrir gám.
Erla Friðriksdóttir sækir um f.h. Queen Eider ehf, að lækka bílskúrshurðarop um 40-50 cm og stöðuleyfi fyrir 20 ft gámi á lóð, sbr. tölvupóst dags. 20.05.2012.
Samþykkt að uppfylltum skilyrðum um samþykki meðlóðarhafa.
3. Víkurgata 5, útlitsbreyting.
Heimir Laxdal Jóhannesson sækir um að setja lúgu á þak hússins við Víkurgötu 5, fyrir neyðarútgang, sbr. bréf dags. 22.05. 2012.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum og að björgunarop verði útfært í samræmi við kafla 9.5.5 í Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
4. Sæferðir ehf, skilti.
Svanborg Siggeirsdóttir sækir um f.h. Sæferða ehf. að staðsetja auglýsingaskilti við upplýsingaskiltið við Aðalgötu og skilti við Þórisólma sbr. bréf dags. 24.05.2012 og 30.05.2012.
Samþykkt að staðsetja auglýsingaskilti Sæferða við upplýsingaskilti sem stendur við Aðalgötu. Tekið er jákvætt í að setja upp skilti við endann á brúnni út í Stykki, en nánari úfærsla á verði gerð í samráði við Hafnarstjórn og byggingarfulltrúa.
5. Aðalgata 3, Narfeyrarstofa, stöðuleyfi fyrir smáhýsi.
Guðbrandur G. Garðarsson sækir um f.h. Narfeyrarstofu að staðsetja 15 m2 hús á horninu á Aðalgötu og Austurgötu fyrir verslun, sbr. bréf dags. 30.05.2012.
Erindi synjað, m.a. þar sem tillaga að staðsetningu er á bílastæði lóðarinnar sem mun einnig skerða yfirsýn ökumanna á gatnamótum Austurgötu og Aðalgötu.

6. Aðalgata, vegstæði að golfskála.

Dagný Þórisdóttir f.h. golfklúbbsins Mostra óskar eftir að breyta aðkomu að tjaldstæði og golfskála, sbr. meðfylgjandi erindi.

Nefndin leggur til að vegstæði verði óbreytt sbr. deiliskipulagstillögu frá 2008.

7. Reitavegur 4, endurnýjun og stækkun á húsi.

Guðmundur Kr. Jónsson og Hróbjartur Árnason sækja um að a) Hækka og breyta þakformi hússins. b) Endurbyggja og stækka núverandi viðbyggingu við norðurhlið c) Reisa viðbygginu við vesturhlið hússins fyrir anddyri og geymslu sbr. tillöguteikningar frá Jon Nordstein, dags. 20.11.2011.

-Tekið er jákvætt í erindið. Umsögn Húsafriðunarnefndar þarf að liggja fyrir áður en samþykki er veitt. Grenndarkynna skal erindið fyrir eigendum húsa við Reitaveg nr. 2, 4a og 6, þegar að nánari teikningar liggja fyrir.

Fundi slitið kl. 22:10.

B.V.